

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 2005

Nr. 660

1488

11. júlí 2005

AUGLÝSING

um skipulag í Garðabæ.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kauptúns, verslunar- og þjónustusvæðis í Urriðaholti suðaustan við Reykjanesbraut.

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi Kauptúns, verslunar- og þjónustusvæðis í Urriðaholti í Garðabæ.

Mörk svæðisins ná frá Reykjanesbraut til norðvesturs, landamerkjum Setbergslands til suðvesturs, línu í um 200 m fjarlægð frá Urriðavatni til suðurs og síðan línu áfram yfir Urriðaholt að væntanlegri tengibraut upp í Urriðaholt til norðausturs.

Gert er ráð fyrir að á svæðinu rísi þyrping stórra verslana. Deiliskipulagsvæðið nær yfir allt svæðið sem merkt er sem U-1 í samþykktri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 með áorðinni breytingu 2002 sem auglýst er samhliða tillögu þessari. Svæðið, U-1, (Kauptúnið) er þar skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Eftir auglýsingu voru gerðar nokkrar breytingar á deiliskipulagstillögunni. Er gerð grein fyrir þeim í upphafskafli í heftinu „Greinargerð og skipulagskilmálar“, útgáfa 1 c, dags. 28. júní 2005. Flestar eru breytingarnar minni háttar og til aðlögunar og áréttingar. Meginbreytingin er sú, að í auglýstri skipulagstillögu var allt svæðið ein lóð, en samþykkt var að skipta henni upp í 6 lóðir. Auk þess hefur byggingarreitur R2 á auglýstri tillögu verið felldur niður.

Eftir að athugasemddum hafði verið svarað barst á ný erindi frá Landvernd þar sem samtökin áréttu ýmsar fyrri athugasemdir sínar. Bréf Landverndar var tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar þann 22. júní 2005, og vísar nefndin til fyrri greinargerðar sinnar varðandi svör við athugasemdir samtakanna. Við lokaafgreiðslu bæjarráðs var ákveðið að koma til móts við athugasemdir Landverndar o.fl. með því að fella niður byggingarreit, sem nefndur var R2 í auglýstri tillögu og stóð næst Urriðavatni.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsáætlunin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 11. júlí 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.